

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1301*  
*komudagur 10.3.2004*



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Sölvhólsgrata 7 - 150 Reykjavík  
Sími: 545 9750, bréfasími 552 1160  
kt 660169-5399  
www.yfirdyralaeknir.is

Reykjavík, 8. mars 2004  
Tilvísun: YDL04020031/111  
HR/--

**Málefni: Breyting á lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða**

Vísað er til bréfa nefndarinnar frá 18. febrúar 2004 þar sem óskað er eftir umsögn yfirdýralæknis annars vegar og Fisksjúkdómanefndar hins vegar. Meðfylgjandi er umsögn mín bæði fyrir hönd embættis yfirdýralæknis og Fisksjúkdómanefndar, þar sem yfirdýralæknir er formaður nefndarinnar. Yfirdýralæknir hefur við umsögn þessa notið sérfræðipækkingar dýralæknis fisksjúkdóma.

Ég vil í upphafi vekja athygli á þætti sjávarútvegsráðuneytisins í þessu máli. Með tilkomu Fiskistofu 1. janúar 1993 og nýrra laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, ásamt reglugerð nr. 429/1992 um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum var með samkomulagi við embætti yfirdýralæknis fallist á að Fiskistofa tæki yfir eftirlit með slátrun, vinnslu og þökkun eldisfisks. Eftirliti með öllu þessu ferli höfðu héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma sinnt um langt árabil. Eðlilegt þótti að hin nýja Fiskistofa tæki þetta eftirlit yfir samfara eftirliti með slátrun, vinnslu og þökkun nytjastofna sjávar, ekki síst með hagræðissjónarmið í huga. Þegar eldisfiskur er færður til vinnslu er slátrun það tengt vinnsluferlinu að rökrétt þykir að sami aðili sjái um eftirlitið í heild sinni. Á aðlögunartímanum vann dýralæknir fisksjúkdóma náði með nýjum starfsmönnum Fiskistofu og stóð sú samvinna yfir nánast allt árið 1993.

Það er svo ekki fyrr en seint á liðnu ári að yfirdýralækni verður það ljóst að með lögum nr. 55/1998 var orðið „slátrun“ einhverra hluta vegna fellt brott. Þessi breyting var gerð einhliða og án nokkurs samráðs við embætti yfirdýralæknis. Yfirdýralækni er ekki kunnugt um að haft hafi verið samráð við landbúnaðarráðuneytið heldur. Í athugasemdum með frumvarpi því sem hér er til umsagnar segir orðrätt: „Í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögumum (þ.e.a.s. sumarið 1998; innskot undirritaðs) segir að gildissvið frumvarpsins nái ekki til eftirlits með slátrun eldisfisks þar sem slíkt eftirlit sé á valdsviði embættis yfirdýralæknis en ekki sjávarútvegsráðuneytis.“ Fyrirnefnt samkomulag milli Fiskistofu og embættis yfirdýralæknis var þá greinilega numið úr gildi.

Slík vinnubrögð í stjórnsýslu og lagasetningu geta vart talist til fyrirmyndar. Það hlýtur að vera lágmarks krafa að ráðuneyti upplýsi framkvæmdar- og eftirlitsaðila og hafi um það samráð þegar veigamiklar breytingar á borð við þessar eru gerðar.


Í fylgiskjali þessa frumvarps segir m.a. í umsögn fjármálaráðuneytisins: „*Sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma hefur haft eftirlitið með höndum ásamt öðrum verkefnum.*“ Hvorki yfirdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma var ljóst að þessar embættisfærslur hefðu færst yfir til embættisins sumarið 1998. Þá segir síðar í umsögn fjármálaráðuneytisins: „*Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað embættis yfirdýralæknis vegna verkefnisins, en talið er að ekki sé um verulegar fjárhæðir að ræða. Embættið hefur ekki tekið gjald fyrir eftirlitið þótt í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sé landbúnaðarráðherra veitt heimild til að setja gjaldskrá fyrir eftirlit og skoðanir.*“ Það liggur í augum uppi að embættið hefur ekki tekið gjald fyrir þetta eftirlit síðan 1. janúar 1993, enda grunlaust um áður nefndar lagabreytingar sjávarútvegsráðuneytisins og Alþingis.

Hvað þetta nýja frumvarp til laga varðar, þar sem orðið „slátrun“ er komið aftur til baka á sama stað og var með lögum nr. 93/1992, hefur undirritaður engar sérstakar efnislegar athugasemdir fram að færa. Yfirdýralæknir vill þó taka fram að hann telur að hreint faglega séð þá ætti slátrun á eldisfiski að heyra undir embætti yfirdýralæknis, með sama hætti og öll önnur slátrun eldisdýra. Þar er öll fagþekking á slátrun til staðar, bæði hvað varðar aðferðir og dýraverndarmál. Hins vegar má líka leiða rök að því að best sé út frá hagrænum sjónarmiðum að sami aðili sinni eftirliti með slátrun, vinnslu og pökkun ferksvatns- og sjávarfiska og því sé viðhaft heildstætt eftirlit með allri slátrun á eldisfiski og vinnsluferlum afurðanna eftir að slátrun er lokið. Það var jú einmitt það sem vakti fyrir þegar verkaskiptingu var breytt í upphafi árs 1993 og því eru lagabreytingarnar í júní 1998, án kynningar eða nokkurs samráðs við embætti yfirdýralæknis og væntanlega landbúnaðarráðuneytið líka, hulin ráðgáta.

Yfirdýralæknir vill einnig vekja athygli á því að um skörun er að ræða milli laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru er varðar framkvæmd eftirlits með fóðri. Dýrafóður er ríkur þáttur í upphafi matvælaframleiðslunnar og því er mikilvægt að allri óvissu sé eytt, hvernig eftirliti sé háttað með fóðri til að heilnæmi landbúnaðarafurða sé tryggt.

Yfirdýralæknir er að sjálfsögðu tilbúinn að útskýra ofangreind atriði, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Halldór Runólfsson  
yfirdýralæknir

Afrit: Landbúnaðarráðuneytið  
Dýralæknir fisksjúkdóma